



4. fundur framkvæmdaráðs SSA 11. desember 2018

Fundurinn hófst kl. 12:30 í húsnæði Austurbrúar á Reyðarfirði.

Mættir voru framkvæmdaráðsmenn SSA: Einar Már Sigurðarson formaður í síma, Gunnar Jónsson og Hildur Þórisdóttir. Framkvæmdastjóri Austurbrúar, Jóna Árný Þórðardóttir, situr liði 3 og 8a. Formaður viku af fundi að loknum 5. lið og þar tekur Gunnar Jónsson við stjórn fundarins. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála, Jóney Jónsdóttir, ritaði fundargerð.

Einar Már Sigurðarson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Val í Vinnumarkaðsráð Austurlands.
2. Val í Minjaráð Austurlands.
3. Ráðstöfun viðbótarstyrks frá Vegagerðinni.
4. Samstarf SSA og Austurbrúar.
5. Samningur við verkefnastjóra Svæðisskipulags Austurlands.
6. Fundaplan.
7. Heimsókn forstjóra Vegagerðarinnar 28. febrúar.
8. Önnur mál.

1. Val í Vinnumarkaðsráð Austurlands.

Tilnefna þarf einn fulltrúa og annan til vara í Vinnumarkaðsráð Austurlands þar sem Sigrún Blöndal hefur óskað eftir lausn frá setu í ráðinu. Samþykkt að Hildur Þórisdóttir verði aðalmaður og Gunnar Jónsson varamaður.

2. Val í Minjaráð Austurlands.

SSA þarf að tilnefna einn fulltrúa og annan til vara í Minjaráð Austurlands fyrir árin 2019-2022 samkvæmt bréfi Minjastofnunar Íslands dagsett 29. nóvember. Verkefnastjóri leitar til aðila sem stungið var upp á og kannar hug þeirra til setu í ráðinu.

3. Ráðstöfun viðbótarstyrks frá Vegagerðinni.

Framkvæmdastjóri Austurbrúar lýsir fjárhagsáætlun SvAust fyrir árið 2019. Ákveðið að ráðstafa hluta viðbótarstyrksins þannig að SvAust komi ekki út í halla í loka árs.

4. Samstarf SSA og Austurbrúar.

Í kjölfar kynningar starfsháttanefndar Austurbrúar á tillögum sínum þarf að kalla stjórn SSA saman til að ræða tillögurnar og samstarfið. Framkvæmdaráð mun hittast innan tíðar til að ræða afstöðu sína.

5. Samningur við verkefnastjóra Svæðisskipulags Austurlands.

Verkefnastjóra falið að ganga frá málinu og kanna stöðu verkefnisins.



6. Fundaplan.

Farið yfir dagsetningar sem koma til greina fyrir aðalfund að vori. Verkefnastjóri mun skoða það og hafa samband við gestgjafana í Borgarfjarðarhreppi um dagsetningu haustþings.

7. Heimsókn forstjóra Vegagerðarinnar 28. febrúar.

Framkvæmdaráð hefur hug á að fá að koma á fund samgöngunefndar SSA með forstjóranum. Verkefnastjóri mun kanna möguleika á því.

8. Önnur mál.

- a. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands og uppgjör hans. Framkvæmdastjóri Austurbrúar fer yfir stöðuna og það ferli sem uppgjorið er í. Sjóðnum verður lokað um áramót eins og samþykkt var á aðalfundi SSA 2018.
- b. Verkefnastjóri segir frá fundum með fulltrúum menningarmiðstöðva þar sem farið var yfir starfsáætlanir og fjárhagsáætlanir fyrir árið 2019 eins og samningar segja til um.
- c. Verkefnastjóri segir frá bréfi frá Hólmsfríði Sveinsdóttur sérfræðingi í sveitarstjórnarráðuneytinu dagsettu 11. desember um að umsóknir um styrki til sértækra verkefna sóknaráætlana verði auglýst í byrjun janúar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14.

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir
